LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

| | |
|---|---|
| Til dagblaða, fréttastofa<br>og fjármálastofnana. | Fréttatilkynning<br>18. janúar 2013 |

# NIÐURSTAÐA Í ÚTBOÐI ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 14 0314 OG RIKB 22 1026

Útboð á óverðtryggðum ríkisbréfum, RIKB 14 0314 og RIKB 22 1026 fór fram hjá Lánamálum ríkisins kl. 11:00 í dag. Útboðinu var þannig háttað að öll samþykkt tilboð buðust á sama verði. Lægsta samþykkta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ákvarðaði söluverðið.

**Helstu niðurstöður útboðsins voru þessar:**

**RIKB 14 0314:**
Alls bárust 8 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 4.310 m.kr. að nafnverði. 2 tilboðum var tekið fyrir 1.525 m.kr. að nafnverði á söluverðinu 101,450 (3,42% ávöxtunarkröfu).

**RIKB 22 1026:**
Alls bárust 33 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 5.860 m.kr. að nafnverði. 31 tilboði var tekið fyrir 5.660 m.kr. að nafnverði á söluverðinu 104,530 (6,60% ávöxtunarkröfu).

Ennfremur býðst aðalmiðlurum að kaupa 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 22. janúar. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 23. janúar 2013.